

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Vinstreisins

Reykjavík, 15. september 2026

SFS26090093

TILLAGA

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Vinstreisins um heildarstefnu fyrir skólasöfn

Skóla- og frístundaráð samþykkir að mótuð verði heildarstefna um sértækt hlutverk skólasafna í Reykjavík. Viðtækt samráð skal hafa við skólasöfnin, Félag fagfólks á skólabókasöfnum, Upplýsingu – Félag bókasafns- og upplýsingafræða og aðrar fagstéttir og hlutaðeigandi sem að máli kunna að skipta.

Greinargerð

Skólasöfn grunnskóla gegna lykilhlutverki í að miðla menningu og upplýsingum til skólasamfélagsins og styðja við árangursríka lestrar- og læsisfærni nemenda og auka skilning þeirra á lífinu og tilverunni. Þau eru óaðskiljanlegur hluti menntunarferilsins og órjúfanlegur þáttur alls skólastarfs. Reykjavíkurborg hefur mótað stefnu fyrir Borgarbókasafnið og er með Menningarstefnu en í þeim er hvergi að finna nokkurt um skólasöfn. Aldrei hefur verið mótuð stefna skólasafna með skýrum tilgangi þeirra, markmiðum og framtíðaráætlunum. Reykjavík er bókmenntaborg UNESCO og hefur skyldum að gegna sem slík. Þær skyldur ná einnig til skólasafna borgarinnar og þá er affarasælast að vita að hverju skuli stefnt. Því er lagt til að skólasöfnin fái sína eigin stefnu svo þau geti vaxið og dafnað með nemendum sínum og skólasamfélaginu öllu.